

Áfengisneysla heldur áfram að aukast

Áfengissala á Íslandi var um 2,9% meiri árið 2004 en árið 2003 ef miðað er við áfengislítra á hvern íbúa 15 ára og eldri.

Áfengissala hér á landi var um 20,4 milljónir lítrar árið 2004 á móti 19,2 milljónum lítra árið 2003, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Aukningin er um 6,3%.

Áfengisneysla árið 2004


Áfengislítrar á íbúa 15 ára og eldri

Bjór	3,49 lítrar
Létt vín	1,91 lítrar
Sterk vín	1,31 lítrar
Alls	6,71 lítri

Talið í alkóhóllítrum er aukningin hlutfallslega ekki eins mikil, eða 4,4% milli ára, úr 1.458 þúsund alkóhóllítrum árið 2003 í 1.523 þúsund alkóhóllítra árið 2004.

Sala á léttu víni hefur aukist mest, en

Sala áfengis 1983 - 2004 lítrar pr. mann 15 ára og eldri



sala á sterkum drykkjum hefur minnkað stöðugt á síðustu árum.

Reiknað á hvern íbúa 15 ára og eldri, nam salan 6,71 alkóhóllítrum, en var 6,52 alkóhóllítrar á árinu 2003, eða aukning um 2,9%.

Tölur um heildarneyslu áfengis eru frá Hagstofu Íslands sem byggir þær á sölutölum frá ÁTVR. Í þessum tölum er t.a.m. ekki gert ráð fyrir smygli, bruggi eða öðru áfengi sem ekki er selt í Ríkinu.

Hlutfall áfengistegunda í heildarneyslunni

